

Hrafnista Ísafold

Ársreikningur 2019

*Hrafnista Ísafold
Strikinu 3
210 Garðabær
Kt.600117-1300*

Efnisyfirlit	bls.
Skýrsla stjórnar	2
Áritun óháðra endurskoðenda	3-4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8-11

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Hrafnistu Ísafoldar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hrafnistu Ísafoldar fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Hrafnistu Ísafold í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu nr. 6 með ársreikningnum þar sem fjallað er um erfiða stöðu félagsins og rekstrarhæfi þess. Þar kemur meðal annars fram að stjórnendur hafa unnið að því að skjóta styrkari stöðum undir rekstur félagsins.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við gerð ársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Hrafnistu Ísafoldar.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitungu við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda frh.


• Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

• Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggtrar myndar


Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 31. mars 2020

Deloitte ehf.



Þorsteinn Pétur Guðjónsson
endurskoðandi



Guðmundur Örn Árnason
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýringar	2019	2018
Rekstrartekjur			
Daggjöld	7	820.511	778.059
Aðrar tekjur	8	<u>25.418</u>	<u>25.143</u>
		845.929	803.203
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	707.542	693.932
Sjúkrakostnaður	9	48.256	49.308
Stoðsvið	10	61.053	43.815
Húsnæðiskostnaður	11	24.462	26.304
Flutnings og ferðakostnaður	12	<u>8.579</u>	<u>4.817</u>
		849.891	818.176
(Tap) fyrir fjármunatekjur			
fjármagnsgjöld og afskriftir		(3.962)	(14.973)
Fjármunatekjur, (fjármagnsgj. og afskriftir)			
Vaxtagjöld og verðbætur	2	(12)	(160)
Vaxtatekjur og (fjármagnstekjuskattur)	2	<u>1.271</u>	<u>1.678</u>
		1.259	1.517
(Tap) ársins			
		<u><u>(2.703)</u></u>	<u><u>(13.456)</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýringar	2019	2018
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		37.332	34.832
Sjóður og bankainnstæður		63.780	73.825
		<u>101.112</u>	<u>108.657</u>
Eignir samtals		<u>101.112</u>	<u>108.657</u>

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2019	2018
Eigið fé			
Höfuðstóll	3	(20.913)	(18.210)
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir		73.518	75.847
Laun og tengd gjöld		48.507	51.021
		<u>122.026</u>	<u>126.868</u>
Skuldir samtals		122.026	126.868
Eigið fé og skuldir samtals		<u>101.112</u>	<u>108.657</u>

Sjóðstreymi ársins 2019

	Skýringar	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Veltufé frá rekstri:			
(Tap) hagnaður ársins		(2.703)	(13.456)
Veltufé (til rekstrar) frá rekstri		<u>(2.703)</u>	<u>(13.456)</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(2.500)	(11.877)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>(4.842)</u>	<u>15.292</u>
Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri		<u>(7.342)</u>	<u>3.415</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Greitt frá Garðabæ		<u>0</u>	<u>24.000</u>
		0	24.000
Breyting á handbæru fé		(10.045)	13.959
Handbært fé í byrjun árs		<u>73.825</u>	<u>59.866</u>
Handbært fé í lok ársins		<u><u>63.780</u></u>	<u><u>73.825</u></u>

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Félagið er hluti af samstæðu, en móðurfélag þess er Sjómannadagsráð, Laugarási í Reykjavík.

1.2 Rekstrartekjur

Tekjur eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda og hægt er að meta fjárhæðina með ábyggilegum hætti. Tekjur eru færðar á gangvirði móttækis gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttækna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatti.

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar á því tímabili þegar þjónustan er veitt.

1.3 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

1.4 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Áhöld og tæki..... 5 -10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna varanlega rekstrarfjármuni eru eignfærð á þeim tíma sem það tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

1.5 Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra. Kostnaðarverð ákvarðast samkvæmt fyrst inn, fyrst út aðferð (FIFO).

1.6 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

1.7 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skýringar

1.8 Verðtryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun mánaðar eftir lok reikningsskiladags. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

1.9 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

Skýringar

	2019	2018
2. Fjármunatekjur og -gjöld		
Vaxtatekjur af bankareikningum og viðskiptakröfum.....	1.418	2.066
Innheimt seðilgjald.....	171	69
Fjármagnstekjuskattur.....	(317)	(457)
	<u>1.271</u>	<u>1.678</u>
Önnur vaxtagjöld.....	(27)	89
Bankakostnaður.....	39	71
	<u>12</u>	<u>160</u>

3. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Samtals
Hreyfingar 2018:	
Staða í ársbyrjun.....	(28.755)
Greitt frá Garðabæ vegna 2017.....	24.000
Tap ársins.....	(13.456)
Staða í árslok.....	<u>(18.210)</u>
	Samtals
Hreyfingar 2019:	
Staða í ársbyrjun.....	(18.210)
Tap ársins.....	(2.703)
Staða í árslok.....	<u>(20.913)</u>

	2019	2018
4. Laun og launatengd gjöld		
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun.....	542.801	527.590
Launatengd gjöld.....	119.449	125.712
Þátttaka í sameiginlegum launakostnaði.....	45.292	40.630
	<u>707.542</u>	<u>693.932</u>
Ársverk.....	70	66

Í þátttöku í sameiginlegum launakostnaði er gjaldfærður útdeildur launakostnaður fyrir stoðþjónustu og stjórnenda Hrafnistuheimilanna. Undir þeim lið er einnig jafnað saman launum sem önnur Hrafnistuheimili bera.

Laun stjórnar og stjórnenda námu 6,5 millj. kr. árið 2019. (Var 6,5 millj. kr. árið 2018.)

5. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar eru félög í eigu Sjómannadagsráðs.

Staða viðskipta við tengd félög í árslok 2018:	Kröfur	Skuldir
Sjómannadagsráð.....		2.430
Hrafnista Reykjavík.....		10.081
Hrafnista Hafnarfirði.....	4.421	
Hrafnista Kópavogi.....	952	
Hrafnista Hlévangur.....	1.142	
Hrafnista Nesvellir.....	571	
	<u>7.087</u>	<u>12.511</u>

Skýringar

6. Rekstrarhæfi félagsins

Stjórnendur hafa skoðað rekstur og eiginfjárstöðu félagsins og metið áhrif þess á rekstrarhæfi. Ójafnað uppsafnað tap í árslok er kr. 20,9 milljónir. Í samningi Sjómannadagsráðs við Garðabæ kemur fram að bærinn skuldbindi sig til að leggja Hrafnistu Garðabæ Ísafold allt að 24 milljón króna framlag á ári fyrstu þrjú rekstrarárin ef um taprekstur verði að ræða. Sendur var reikningur til Garðabæjar vegna ársins 2019 og stjórnendur munu fara yfir málið með fulltrúum Garðabæjar. Það er mat stjórnenda að félagið hafi nægan fjárhagslegan styrk til að mæta skuldbindingum sínum og halda áfram rekstri. Ársreikningurinn er lagður fram miðað við forsendu um áframhaldandi rekstrarhæfi.

	2019	2018
7. Daggjaldatekjur		
Hjúkrunarrými.....	727.907	714.343
Dagðvalarrými.....	33.699	0
Húsnæðisgjald.....	58.905	50.326
Launabætur.....	0	13.390
	<u>820.511</u>	<u>778.059</u>
8. Aðrar tekjur		
Seldar máltíðir.....	19	0
Þátttaka Garðabæjar í launakostnaði.....	24.000	24.000
Ýmsar aðrar tekjur.....	1.399	1.143
	<u>25.418</u>	<u>25.143</u>
9. Sjúkrakostnaður		
Lyf og lyfjakostnaður.....	16.991	19.779
Aðkeypt læknisþjónusta og rannsóknir.....	13.450	13.663
Ræstivörur og aðkeyptar ræstivörur.....	4.937	4.909
Bleitur og hjúkrunarvörur.....	10.207	8.472
Vinnufatnaður og fatapeningar.....	2.671	2.485
	<u>48.256</u>	<u>49.308</u>
10. Stoðsvið		
Matarkostnaður.....	26.609	18.824
Þvottur á fatnaði og líni.....	39	118
Rekstur sjúkrabjálfunar, sundlaugar og iðjubjálfun.....	2.094	2.709
Annar skrifstofukostnaður og starfsmannakostnaður.....	32.310	22.164
	<u>61.053</u>	<u>43.815</u>
11. Húsnæðiskostnaður		
Orkukostnaður.....	6.677	7.776
Tryggingar, viðhald og gámaþjónusta.....	17.785	18.528
Þátttaka í rekstri húsnæði.....	0	0
	<u>24.462</u>	<u>26.304</u>
12. Flutnings- og ferðakostnaður		
Annar aðkeyptur akstur og notkun bifreiða.....	1.453	2.928
Aðkeyptur akstur dagdvala.....	5.307	0
Bifreiðastyrkir.....	1.819	1.889
	<u>8.579</u>	<u>4.817</u>